# Aðalstræti 4

**<u>Staðgreinir XXX.XXX, matshluti XX</u>**

**BYGGINGARLÝSING**
**Aðalstræti 4**

**a. Almennt**
Húsið er á tveimur hæðum, fjölnotasalur og dagdvöl á 1.hæð og tvær íbúðir á 2.hæð.

Við Aðalstræti 4 er gert ráð fyrir þjónustubyggingu fyrir eldri borgara þar sem gert er ráð fyrir einni skrifstofu fyrir starfsmann heimahjúkrunar og 3 fjölnotasali sem þar sem hægt er að opna á milli. Byggingin mun einnig þjónusta dagdvöl aldraðra.
Á dagvakt má gera ráð fyrir um 1-3 starfmönnum í byggingunni en alls má gera ráð fyrir allt að 30 manns geti verið í byggingunni þegar mest verður, á dagvinnutíma.
Gert er ráð fyrir læstum munaskápum fyrir starfsmenn og ein snyrting er skilgreind fyrir starfsfólk.

Hús og lóð eru hönnuð út frá kröfum um algilda hönnun og almennar kröfur til íbúða, sbr. byggingarreglugerð og leiðbeiningar MVS.

**b. Notkun**
Aðkoma byggingar og bílastæði hússins er við Strandgötu.
Aðalinngangur er austannanmegin og gangvegur frá bílastæði að aðalinngangi er upphitaður, með snjóbræðslukerfi. Á 1.hæð eru sameiginleg þjónusturými ásamt dagdeild og aðstaða fyrir félagsstarf í fjölnotasal.
Á annari hæð hússins eru tvær íbúðir og gert er ráð fyrir að núverandi lyftuhús þjóni einnig þessum íbúðum. Gert er ráð yfrir upphituðu vindfangi við báðar íbúðirnar og sérafnot af geymslum. Sorpgerði fyrir sorptunnur er norðanmegin við húsið.

Rýmisþarfir í umferðarleiðum og herbergja eru hönnuð með þarfir hreyfihamlaðra að leiðarljósi eru því miðaðar við handknúna hjólastóla (1,5m snúnings radíus) og þröskuldar eru ekki hærri en 25mm. Allar dyr innanhúss eru minnst 800mm á breidd og sjálfvirkur opnunarbúnaður eru á hurðum við aðalinngang. 3
bílastæði fatlaðra eru staðsett næst gangvegi við aðalinngang.

**c. Burðarvirki**
Húsið er grundað á þjappaðri fyllingu sem hvílir á burðarhæfum jarðvegi.
Sökklar eru úr forsteyptum einingum.
Botnplata er staðsteypt.
Veggir eru úr forsteyptum einingum.
Plata á hæðarskilum er úr forsteyptum filigran plötum með járnbentu ásteypulagi.
Þakvirki er úr límtré og burðarviði.

**d. Utanhússfrágangur og litaval:**
**Útveggir.**
Húsin eru einangruð að utan með 125mm steinull útveggjaeinangrun og klædd loftuðum klæðningum, annars vegar með ljósri sléttri álklæðningu og hins vegar dekkri bárujárnsklæðningu.

**Þök.**
Þakplötur íbúðarhúss eru steinsteyptar og vatnshalli formaður með léttsteypu ofanálagi.
Þök íbúðarhluta eru almennt viðsnúin með ásoðnum tjörupappa, XPS einangrun, jarðvegsfiltdúk, drenlagi og gróðurþekju skv. lýsingu lóðarhönnuðar. Þakkantar húss eru einangraðir, til að loka kuldabrúm.
Þak- og svalaniðurföll eru pvc lagnir, lagðar í einangrunarbil bak við klæðningar.

**Gluggar og hurðir**
Aðalinngangshurð eru úr áli og gluggar og svalahurðir eru ál-timbur, með máluðu timbri að innan. Allir gluggar og hurðir eru verksmiðjuframleidd með slitinni kuldabrú frá viðurkenndum framleiðanda. Gler er tvöfalt einangrunargler, tegund er háð samþykki aðalhönnuða og verkkaupa.
Gluggar skulu uppfylla kröfur um einangrunargildi, hljóðkröfur sbr. greinargerð hljóðhönnuðar og vera vottaðir af NMÍ. Gler í gluggum og hurðum í útveggjum verða í samræmi við leiðbeiningarblöð NMÍ rb(31) 121, rit 1-2-3 eftir því sem við á. Allar inngangshurðir skulu uppfylla kröfu um hindrunarlaust umferðarmál bxh amk. 0,83x2,07m og allar svala- og garðhurðir og hurðir innanhúss amk. 0,8x2,0m. Gluggar og hurðir eru settar í eftir á, þéttar með kítti að innan, tróði og tjöruborða að utan. Öll opnanleg fög glugga skulu búin öryggislokun / -keðju, sem tryggir að opnun verði ekki meiri en 89mm.

**Svalir, þaksvalir og handrið**
Þaksvalir eru sérnotafletir íbúða á 2.hæð.
Svalir eru forsteyptar með rofinni kuldabrú að húsi. Gólf eru steypt með halla að niðurfalli.
Handrið á svölum er pólýhúðað stál með glerlokun að neðan og að ofan opnanlegt svalalokunarkerfi með póstlausu glerjunarkerfi úr hertu gleri á brautum með opnunarmöguleika.
Hæðarmunur við þröskulda hurða að veröndum, svölum og þaksvölum skal vera í sbr. kröfur um algilda hönnun.
Handrið á stiga utanhúss eru galvanhúðað stál með lóðréttum stálrimlum.
Opið bil í eða við handrið skal hvergi vera meira en 89mm skv. brg. og leiðbeiningum MVS.

**e. Einangrun, heildarleiðnitap og heildarorkuþörf:**
Einangrun nýbyggingarhluta er í samræmi við gildandi byggingarreglugerð nr.112.
Allt A rými er miðað við rýmishita >18°c,

| U-gildi Byggingarhluta | W/m²K | ein.þykkt | gerð |
|---|---|---|---|
| Gólf-botnplata | 0,34 | 100mm | Plast |
| Útveggir steyptir, einangraðir að utan íb. | 0,33 | 125mm | Steinull |
| Útveggir að jarðvegi | 0,36 | 100mm | Plast |
| Þak meginbyggingar | 0,20 | 250mm | Steinull |
| Gluggar | 1,20 | | |
| Hurðir | 2,00 | | |
| Útveggir-vegið meðaltal (veggir gluggar/hurðir) hámark. | 0,81 | | |

**f. Innanhússfrágangur:**
**Innveggir**:
Innveggir eru ýmist steyptir sbr. lýsingu burðarhönnuðar eða hlaðnir léttsteinveggir.
Innra birgði steyptra útveggja og innveggja verður pússað, sandspartlað og málað.
Veggir votrýma verða hlaðnir léttsteinsveggir sandspartlaðir og málaðir myglu- og sveppaþolinni votrýmismálningu eða / og flísalagðir. Hljóðkröfur innveggja koma fram í greinargerð hljóðhönnuðar og á teikningum arkitekts. Gert er ráð fyrir fellivegg milli sal 1 og 2.
**Innihurðir**:
Innihurðir eru hefðbundnar timburhurðir, nema annað komi fram á teikningum arkitekts.
Innihurðir með brunakröfu EI60-CS/m eru málaðar stálhurðir.
Gler og glerveggir/hurðar innanhúss eru almennt úr ál/stál prófílum með hertu öryggisgleri. Uppbygging þeirra er í samræmi við leiðbeiningarblöð NMÍ rb(31) 121, rit 1-2-3 eftir því sem við á.
Allar innihurðir skulu uppfylla kröfur um aðgengi sbr. algilda hönnun. Staðsetning hurða og opnun tekur mið af kröfum um algilda hönnun, eða er hægt að snúa þannig að þær uppfylli þær kröfur, skv. leiðbeiningum MVS um dyr innanhúss, ganga og anddyri, almennar kröfur til íbúða og íbúða algildrar hönnunar.
Hljóðkröfur innihurða koma fram í greinargerð hljóðhönnuðar og á teikningum arkitekts.
Brunakröfur koma fram í <u>kafla I. Brunavarnir</u> og á teikningum arkitekts.

**Loft- og gólfefni**:
Gólfefni í anddyri, eldhúsi og á snyrtingum er flísalagt en gert er ráð fyrir vinyl-parketi í sölum á 1.hæð. Gólf eiga að uppfylla kröfur m.v. flokk C skv. íST45, t.d. með hljóðdúk undir gólfefni á 2.hæð.
Niðurtekin loft verða í á 1.hæð í öllum rýmum nema í fjölnotasölum og tæknirými.

**g. Lagnir**
Raflagnir í bygginguna eru hefðbundnar. Þær skulu vera samkvæmt IST 200 (Raflagnir bygginga) og uppfylli allar öryggiskröfur og um leið sértækar öryggiskröfur skv. reglugerð um raforkuvirki nr. 678/2009.
Allt raflagnaefni og rafmagnstæki skulu vera CE-vottuð m.ö.o. framleiðandi, innflytjandi og dreifingaraðili vörunnar ábyrgjast að hún uppfylli þær grunnkröfur um öryggi sem tilskipanir Evrópusambandsins kveða á um.
Raflagnaefni og rafbúnaður byggingarinnar sé löglega markaðsfærð á Íslandi, þ.e. prófað af prófunarstofnun sem Neytendastofa viðurkennir og uppfyllir jafnframt ákvæði um rafsegulsviðssamhæfi (EMC).
Aðaldreifing verður 400/230 V TN-S kerfi, þar sem N-leiðari og PE-leiðari eru aðgreindir í öllu kerfinu. Aðaldreifiskápur verður staðsettur í inntaksrými rafkerfa á jarðhæð byggingarinnar. Undirdreifiskápar verða staðsettir á viðkomandi svæðum um bygginguna.
Heimtaugastærð er áætluð 100A en ákvörðun verður tekin í samráði við veitustofnun og í framhaldi af fullnaðar hönnun raflagna og endanlegri gerð afláætlunar.
Lagnaleiðir eru, að mestu huldar pípur í veggjum og plötum og utanáliggjandi pípum fyrir ofan kerfisloft. Sýnilegar pípur verða í tæknirýmum og skulu þær vera úr áli.
Lögð er áhersla á að lýsing sé í háum gæðaflokki og í fullu samræmi við byggingarlist hússins. Við hönnun skal í grunninn farið eftir ÍST EN 12464-1. Lýsingu á neðri hæðum skal stjórnað með dimmum og rofum. Lýsingu í íbúðum verður stjórnað með rofum í viðkomandi rýmum.
Neyðarlýsingarkerfið auðkennir rýmingarleiðir byggingarinnar og veitir lágmarksbirtu á rýmingarleiðum hennar og á opnum svæðum. Hanna skal kerfi sem uppfyllir allar kröfur og staðla hvað varðar byggingu sem hér um ræðir.
Kerfið skal hannað í samræmi við byggingarreglugerð, ÍST EN 1838 “Lighting application – Emergency lighting” og EN 50172 “Emergency escape lighting systems”. Kerfið skal hannað sem neyðarflóttalýsing (e: emergency escape lighting) og skiptist í flóttaleiðalýsingu (e: emergency route lighting) og lýsingu á opnum svæðum (e: open area lighting).
Fara skal eftir stöðlum hvað varðar hámarksorku strengja í flóttaleiðum.
Í byggingunni verða ýmis fjarskiptakerfi, svo sem tölvulagnir, símalagnir, öryggiskerfi og brunaviðvörunarkerfi. Sjálfvirkt brunaviðvörunarkerfi tengt viðurkenndri vaktstöð skal hannað og sett upp skv. reglum Mannvirkjastofnunar og ÍST EN 54.

**h. Brunavarnir**

**i. Hljóðvist**

# Skýringar tákna

| | |
|---|---|
| 1 Texti 1:100 | Teikning<br>Skýring<br>Mælikvarði |
| 1 (99)1.00 | Táknar snið<br>Númer á teikningu<br>Númer á blaði |
| 1 (99)1.00 | Táknar ásýnd utanhúss<br>Númer á teikningu<br>Númer á blaði |
| Samb. | Táknar að snið, deili eða ásýnd á viðkomandi stað er sambærilegt við teikningu sem vísað er í. |
| N | Norðurpíla |
| K: 0,00 | Táknar gólfkóta, hæð á grunnmynd |
| K: 0,00 | Táknar kóta, hæð á sniði |
| XX | Táknar halla í gráðum eða sem hlutfall |
| LR | Táknar loftræsingu |
| GN | Táknar gólfniðurfall |
| ÞN | Táknar þakniðurfall |
| 1 | Táknar tilvísun í skýringartexta |
| 0101 | Táknar skráningarnúmer |
| EI60 | Táknar brunamótstöðu byggingarhluta (heilleiki og einangrun) í mínútum |
| R60 | Táknar brunamótstöðu burðarvirkis í mínútum |
| EI-CS30 | Táknar brunamótstaða hurðar í mínútum.<br>S táknar reykþéttingu<br>C táknar sjálflokandi |
| R | Táknar reykskynjara |
| BO | Táknar björgunarop |
| ÚT | Táknar merktan útgang í flóttaleið |
| ! | Táknar stjórnstöð brunaviðvörunarkerfis |
| 25m | Táknar brunaslöngu<br>Lengd slöngu í metrum |
| | Táknar flóttaleið |
| | Táknar stigleiðslu |











ÓFULLGERÐ TEIKNING
25.4.2018 17:47:12

| útg. | dags. | skýring | teiknað |
|---|---|---|---|

ARKÍS arkitektar
Kleppsvegi 152 104 Reykjavík
kt 531107-0550 S: 511 2060
www.ark.is arkis@ark.is

## Aðalstræti 4

| | |
|---|---|
| Verkheiti: | Þjónustuhús við Kamb |
| Sveitarfélag: | Patreksfirði |
| Staðgreinir: | XXXX-X-XXXXXXXX |
| Landnúmer: | XXXXXX |
| Verknúmer: | 17-073 |

Hönnuður:

| | | |
|---|---|---|
| ○ Aðalsteinn Snorrason | arkitekt faí | kt.161161-2769 |
| ○ Arnar Þór Jónsson | arkitekt faí | kt.010174-4819 |
| ○ Birgir Teitsson | arkitekt faí | kt.020460-4589 |
| ○ Björn Guðbrandsson | arkitekt faí | kt.170174-3059 |
| ○ Egill Guðmundsson | arkitekt faí | kt.270152-6869 |
| ○ Þorvarður L. Björgvinsson | byggingaf. bfí | kt.250572-3529 |

○ Hönnuður aðal-/séruppdrátta:

○ Hönnunarstjóri:

| | | | |
|---|---|---|---|
| Hannað / teiknað: | Author | Mælikvarði: | |
| Yfirfarið / samþykkt: | Checker | Dagsetning: | - |

AÐALUPPDRÆTTIR

(99)1.00
teikning breyting

ALMENNAR SKÝRINGAR

Blaðastærð A1 = 594 x 841




1 **Afstöðumynd**
1 : 500

ÓFULLGERÐ TEIKNING
25.4.2018 17:47:22

| útg. | dags. | skýring | teiknað |
|---|---|---|---|

**ARKÍS** arkitektar
Kleppsvegi 152 104 Reykjavík
kt 531107-0550 S: 511 2060
www.ark.is arkis@ark.is

## Aðalstræti 4

Verkheiti: Þjónustuhús við Kamb
Sveitarfélag: Patreksfirði
Staðgreinir: XXXX-X-XXXXXXXX
Landnúmer: XXXXXX
Verknúmer: 17-073

Hönnuður:
- Aðalsteinn Snorrason arkitekt faí kt.161161-2769
- Arnar Þór Jónsson arkitekt faí kt.010174-4819
- Birgir Teitsson arkitekt faí kt.020460-4589
- Björn Guðbrandsson arkitekt faí kt.170174-3059
- Egill Guðmundsson arkitekt faí kt.270152-6869
- Þorvarður L. Björgvinsson byggingaf. bfí kt.250572-3529

- Hönnuður aðal-/séruppdrátta:
- Hönnunarstjóri:

Hannað / teiknað: Author Mælikvarði: 1 : 500
Yfirfarið / samþykkt: Checker Dagsetning: 04/23/18

AÐALUPPDRÆTTIR

(99)1.01
teikning breyting

AFSTÖÐUMYND - SKRÁNINGART.

Blaðastærð A1 = 594 x 841




# 1 Grunnmynd, 1. hæð

1 : 100

ÓFULLGERÐ TEIKNING
25.4.2018 17:47:24

| útg. | dags. | skýring | teiknað |
|---|---|---|---|

**ARKÍS** arkitektar

Kleppsvegi 152 104 Reykjavík
kt 531107-0550 S: 511 2060
www.ark.is arkis@ark.is

## Aðalstræti 4

| | |
|---|---|
| Verkheiti: | Þjónustuhús við Kamb |
| Sveitarfélag: | Patreksfirði |
| Staðgreinir: | XXXX-X-XXXXXXXX |
| Landnúmer: | XXXXXX |
| Verknúmer: | 17-073 |

Hönnuður:

| | | |
|---|---|---|
| Aðalsteinn Snorrason | arkitekt faí | kt.161161-2769 |
| Arnar Þór Jónsson | arkitekt faí | kt.010174-4819 |
| Birgir Teitsson | arkitekt faí | kt.020460-4589 |
| Björn Guðbrandsson | arkitekt faí | kt.170174-3059 |
| Egill Guðmundsson | arkitekt faí | kt.270152-6869 |
| Þorvarður L. Björgvinsson | byggingaf. bfí | kt.250572-3529 |

Hönnuður aðal-/séruppdrátta:

Hönnunarstjóri:

| | | | |
|---|---|---|---|
| Hannað / teiknað: | Author | Mælikvarði: | 1 : 100 |
| Yfirfarið / samþykkt: | Checker | Dagsetning: | - |

AÐALUPPDRÆTTIR

(99)1.02
teikning breyting

GRUNNMYND 1.HÆÐ

Blaðastærð A1 = 594 x 841




# 1 Grunnmynd, 2. hæð

1 : 100




# 2 Snið A-A

1 : 100




# 3 Snið B-B

1 : 100




# 4 Snið C-C

1 : 100




# 5 Snið D -D

1 : 100

ÓFULLGERÐ TEIKNING
25.4.2018 17:47:40

| útg. | dags. | skýring | teiknað |
|---|---|---|---|

**ARKÍS** arkitektar

Kleppsvegi 152 104 Reykjavík
kt 531107-0550 S: 511 2060
www.ark.is arkis@ark.is

## Aðalstræti 4

Verkheiti: Þjónustuhús við Kamb
Sveitarfélag: Patreksfirði
Staðgreinir: XXXX-X-XXXXXXXX
Landnúmer: XXXXXX
Verknúmer: 17-073

Hönnuður:

- Aðalsteinn Snorrason arkitekt faí kt.161161-2769
- Arnar Þór Jónsson arkitekt faí kt.010174-4819
- Birgir Teitsson arkitekt faí kt.020460-4589
- Björn Guðbrandsson arkitekt faí kt.170174-3059
- Egill Guðmundsson arkitekt faí kt.270152-6869
- Þorvarður L. Björgvinsson byggingaf. bfí kt.250572-3529

- Hönnuður aðal-/séruppdrátta:
- Hönnunarstjóri:

Hannað / teiknað: Author Mælikvarði: 1 : 100
Yfirfarið / samþykkt: Checker Dagsetning: 02/12/18

AÐALUPPDRÆTTIR

(99)1.03
teikning breyting

GRUNNMYND 2.HÆÐ - SNIÐ

Blaðastærð A1 = 594 x 841




3 **Ásýnd, suður**
1 : 100




2 **Ásýnd, norður**
1 : 100




4 **Ásýnd, vestur**
1 : 100




1 **Ásýnd, austur**
1 : 100

ÓFULLGERÐ TEIKNING
25.4.2018 17:47:57

| útg. | dags. | skýring | teiknað |
|---|---|---|---|

ARKÍS arkitektar

Kleppsvegi 152 104 Reykjavík
kt 531107-0550 S: 511 2060
www.ark.is arkis@ark.is

## Aðalstræti 4

| | |
|---|---|
| Verkheiti: | Þjónustuhús við Kamb |
| Sveitarfélag: | Patreksfirði |
| Staðgreinir: | XXXX-X-XXXXXXXX |
| Landnúmer: | XXXXXX |
| Verknúmer: | 17-073 |

Hönnuður:

| | | |
|---|---|---|
| Aðalsteinn Snorrason | arkitekt faí | kt.161161-2769 |
| Arnar Þór Jónsson | arkitekt faí | kt.010174-4819 |
| Birgir Teitsson | arkitekt faí | kt.020460-4589 |
| Björn Guðbrandsson | arkitekt faí | kt.170174-3059 |
| Egill Guðmundsson | arkitekt faí | kt.270152-6869 |
| Þorvarður L. Björgvinsson | byggingaf. bfí | kt.250572-3529 |

Hönnuður aðal-/séruppdrátta:

Hönnunarstjóri:

| | | | |
|---|---|---|---|
| Hannað / teiknað: | Author | Mælikvarði: | 1 : 100 |
| Yfirfarið / samþykkt: | Checker | Dagsetning: | 02/13/18 |

AÐALUPPDRÆTTIR

(99)1.04
teikning breyting

ÁSÝNDIR

Blaðastærð A1 = 594 x 841